

Dags eftirlits	24.8.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	TDK Foil Iceland	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Krossanesbraut	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902070120	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Þórdís Huld Vignisdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	540624,714 578699,611

Niðurstaða eftirlits

Farið var í reglubundið eftirlit með starfsleyfi TDK Foil Iceland á Akureyri. Engin frávik komu fram frá starfsleyfi. Einni ábendingu er komið á framfæri er varðar umsókn um endurnýjun starfsleyfis.

Umfang eftirlits

Eftirlitið byrjaði með fundi þar sem farið var yfir valin ákvæði í starfsleyfi. Farið var yfir framleiðsluferlinn og þá öryggisstaðla sem eru til staðar í fyrirtækinu. Ekkert kvikasilfur er í ferlinu lengur en aðal úrgangur frá ferlinu er álbrennisteinssýra (e. Aluminium sulfuric acid). Tekist hefur að minnka þann úrgang sem fer í landfyllingu mikið en það var um 30 tonn árið 2011 til u.þ.b. 9 tonn á ári. Búið er að fjárfesta í nýjum búnaði í verksmiðjuna en nýjar vélar hafa nú þegar verið teknar í notkun í hluta af verkmsmiðjunni.

Farið var yfir stöðu frávíka en í síðasta eftirlitu voru skráð tvö frávik. Fyrra frávikíð varðaði mælingar á heildarlosun í frárennsli ársfjórðungslega en mælingar töfðust á öðrum ársfjórðungi 2019 fram á þriðja ársfjórðung. Mælingar hafa staðist tímaramma eftir það og er því frávikinu lokað. Frávik er varðar REACH skráningu er í farvegi og verður tekið út aftur í næsta eftirliti.

Í starfsleyfi voru teknar fyrir greinar:

Gr. 2.1 í starfsleyfi - Hráefnageymsla.

Gr. 2.2. í starfsleyfi - Meðhöndlun efna og flutningur hráefna. Rætt var um flutningsaðferðir og árekstrarvarnir við geyma.

Gr 2.4 í starfsleyfi - Losunarmörk.

Gr. 2.5 og 2.8 í starfsleyfi - Fráveita.

Gr. 3.1 og 3.2 í starfsleyfi - Mælingar og skráningar. Farið var yfir mælingar sem hafa verið gerðar á árinu og skráningar skv. starfsleyfi. Mælingar eru fyrir innan sett losunarmörk og skráningar eru á miðlægum gagnagrunni.

Með breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eru nú komin inn ákvæði um að tíðni eftirlitsferða skuli miðast við kerfisbundið áhættumat á umhverfisáhættu vegna starfseminnar. Reglubundnar vettvangsheimsóknir 2020 miðast út frá niðurstöðum áhættumatsins en verður það endurmetið samhliða hverri vettvangsheimsóknum og niðurstöðum úr eftirliti. Til viðbótar við reglubundin eftirlit framkvæmir Umhverfisstofnun óvenjubundið eftirlit t.d. til að fylgja eftir úrbótum frávíka. Samkvæmt áhættumati fellur starfsemi TDK í áhættuflokk C og þar með er áætlað að fara annað hvert ár í eftirlit. Nánar er greint frá áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit og áætlun um reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar sem nálgast má á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir hafa skilgreint áhersluverkefni í eftirliti að taka saman

skráningar á neyslu-, lausa-, húsa- og bryggjugeymum. Að eftirliti loknu sendi rekstraraðili upplýsingar um olíutank á svæðinu.

Að lokum var farið í úttekt um verksmiðjuna og lóð hennar. Ekki voru tilefni til athugasemda.

Ábendingar

Núgildandi starfsleyfi gildir til 31. desember 2021. Rekstraraðili var minntur á að senda inn umsókn um endurnýjun starfsleyfis tímanlega.

Annað

Rekstraraðili hafði athugasemd varðandi tíðni eftirlits þar sem betra er fyrir gæðaúttektir verksmiðjunnar að vettvangsheimsóknir í verksmiðjuna verði gerðar árlega.

Reykjavík, 17.12.2020



Einar Halldórsson

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta